

157. löggjafarþing 2025–2026.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

**um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (stærðarhlutföll, endurskoðun
armörk, skilafrestir o.fl.)**

Frá atvinnuvegaráðherra.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Eftirfarandi breytingar verða á 11. tl. ákvæðisins:

a. lið örfélag:

1. Í stað fjárhæðarinnar 20.000.000 kr. kemur: 50.000.000 kr.
2. Í stað fjárhæðarinnar 40.000.000 kr. kemur: 100.000.000 kr.

b. lið lítið félag:

1. Í stað fjárhæðarinnar 600.000.000 kr. kemur: 750.000.000 kr.
2. Í stað fjárhæðarinnar 1.200.000.000 kr. kemur: 1.500.000.000 kr.

c. lið meðalstórt félag:

1. Í stað fjárhæðarinnar 3.000.000.000 kr. kemur: 3.750.000.000 kr.
2. Í stað fjárhæðarinnar 6.000.000.000 kr. kemur: 7.500.000.000 kr.

d. lið stórt félag:

1. Í stað fjárhæðarinnar 3.000.000.000 kr. kemur: 3.750.000.000 kr.
2. Í stað fjárhæðarinnar 6.000.000.000 kr. kemur: 7.500.000.000 kr.

b. Eftirfarandi breytingar verða á 33. tl. ákvæðisins:

a. lið lítil samstæða:

1. Í stað fjárhæðarinnar 600.000.000 kr. kemur: 750.000.000 kr.
2. Í stað fjárhæðarinnar 1.200.000.000 kr. kemur: 1.500.000.000 kr.

b. lið meðalstór samstæða:

1. Í stað fjárhæðarinnar 3.000.000.000 kr. kemur: 3.750.000.000 kr.
2. Í stað fjárhæðarinnar 6.000.000.000 kr. kemur: 7.500.000.000 kr.

c. lið stór samstæða:

1. Í stað fjárhæðarinnar 3.000.000.000 kr. kemur: 3.750.000.000 kr.
2. Í stað fjárhæðarinnar 6.000.000.000 kr. kemur: 7.500.000.000 kr.

2. gr.

Við 8. mgr. 3. gr. laganna bætist við nýr liður, f. liður, svohljóðandi:

f. félög sem við uppgjörsdag hafa heildareignir umfram 200.000.000 kr.

3. gr.

Á eftir 66. gr. e. laganna kemur ný grein, 66. gr. f, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

66. gr. f.

Skýrsla með tekjuskattsupplýsingum.

Eftirfarandi félög skulu semja og birta skýrslu með tekjuskattsupplýsingum eigi síðar en 12 mánuðum frá lokum reikningsárs:

- a. Endanlegt móðurfélag fjölþjóðlegrar heildarsamstæðu ef heildar velta á dagsetningu efnahagsreiknings á hvoru af viðkomandi og síðastliðins reikningsárs voru umfram 111.000.000.000 kr. líkt og fram kemur í samstæðureikningsskilum félagsins.
- b. Sjálfstætt fjölþjóðlegt félag ef tekjur þess á uppgjörsdegi voru umfram 111.000.000.000 kr. á hvoru af tveimur samfelldum fjárhagsárum samkvæmt ársreikningi.
- c. Meðalstór og stór dótturfélög sem lúta yfirráðum þess félags sem um getur í a. lið þessarar greinar, sem fellur ekki undir landslög, skulu semja, birta og gera aðgengilega skýrslu með tekjuskattsupplýsingum varðandi hið endanlega móðurfélag, sbr. a. liður.
- d. Útibú þess félags sem um getur í a. eða b. lið þessarar greinar, sem fellur ekki undir landslög, sem opnar hér á landi útibú, skulu semja, birta og gera aðgengilega skýrslu með tekjuskattsupplýsingum varðandi félögin sem um getur í a. eða b. lið.

Opinber skýrsla með tekjuskattsupplýsingum skv. 1. mgr. skal innihalda upplýsingar um alla starfsemi sjálfstæða félagsins eða endanlega móðurfélagsins, þ.m.t. upplýsingar um öll eignatengd félög sem tekin eru með í samstæðureikningsskilin að því er varðar viðkomandi fjárhagsár.

Félög samkvæmt a. – b. lið 1. mgr. skulu skila inn skýrslu með tekjuskattsupplýsingum til ársreikningaskrá til opinberrar birtingar, með ársreikningi í samræmi við ákvæði 109. gr. Meðalstór og stór dótturfélög samkvæmt c. lið 1. mgr. skulu skila inn skýrslu með tekjuskattsupplýsingum til ársreikningaskrár til opinberrar birtingar, og ef við á yfirlýsingu ef félög skv. a. eða b. lið 1. mgr. hafa ekki gert nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar, með staðfestu endurriti ársreiknings í samræmi við 109. gr. Útibú samkvæmt d. lið 1. mgr. skulu skila inn skýrslu með tekjuskattsupplýsingum til ársreikningaskrá til opinberrar birtingar, og ef við á yfirlýsingu ef félög skv. a. eða b. lið 1. mgr. hafa ekki gert nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar, með staðfestu endurriti ársreiknings í samræmi við 112. gr.

Stjórn og framkvæmdastjórnar félags samkvæmt a. og b. lið 1. mgr. bera ábyrgð á gerð, skilum og birtingu skýrslu með tekjuskattsupplýsingum.

Stjórn og framkvæmdastjórnar félags samkvæmt c. lið 1. mgr. og útibússtjóri útibús samkvæmt d. lið 1. mgr. skulu tryggja að skýrsla með tekjuskattsupplýsingum, og ef við á yfirlýsing ef félög skv. a. eða b. lið 1. mgr. hafa ekki gert nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar, sé gerð í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar og skilað og birt í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar.

Ráðherra skal setja reglugerð um þær upplýsingar sem um getur í þessari grein og nánari framkvæmd.

4. gr.

2. mgr. 68. gr. laganna fellur á brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „tvö næstliðin reikningsár“ í 1. mgr. koma orðin „viðkomandi og síðastliðið reikningsár.“ og í stað orðanna „3.-5. mgr.“ kemur „2.-7. mgr.“
- b. Í stað fjárhæðarinnar 200.000.000 kr. í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 250.000.000 kr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar 400.000.000 kr. í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 500.000.000 kr.
- d. Við 2. mgr. bætist nýr fyrsti málslíður, sem verður svohljóðandi:
Ef hrein velta er ekki lýsandi fyrir starfsemi félags skal miða við aðrar tekjur, þ.m.t. tekjur af fjármálagerningum og söluhagnaði. Flokkun félaga skal ekki breytast nema félag annaðhvort fari yfir eða undir viðmiðunarmörk viðkomandi og síðastliðs reikningsárs.
- e. Við greinina bætist ný málsgrein, 7. mgr., svohljóðandi:
Ákvæði 1. mgr. nær þó ekki til félaga ef heildareignir á uppgjörsdegi nema a.m.k. 1.500.000.000 kr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. laganna:

- a. 1. mgr. verður svohljóðandi:
Skil á ársreikningum skal berast ársreikningaskrá eins og hér segir:
 1. Félag skv. a-lið 11. tölul. 2. gr. sem ekki fellur undir 8. mgr. 3. gr. er heimilt að senda ársreikningaskrá ársreikning sinn samkvæmt heimild í 7. mgr. 3. gr. þegar í stað eftir samþykkt ársreiknings en eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs eða innan þess frests sem ríkisskattstjóri veitir skattaðilum til að skila framtölum sínum, sbr. ákvæði 2. mgr. [93. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003](#).
 2. Félag skv. b og c. lið 11. tölul. 2. gr. og sem ekki fellur undir 4. eða 5. tölulið þessara málsgreinar skal þegar í stað eftir samþykkt ársreiknings, senda ársreikningaskrá ársreikning sinn sbr. 3. gr., þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs.
 3. Félag skv. d-lið 11. tölul. 2. gr. og sem ekki fellur undir 4. eða 5. tölul. þessarar málsgreinar skal þegar í stað eftir samþykkt ársreiknings, senda ársreikningaskrá ársreikning sinn sbr. 3. gr., þó eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs.
 4. Félag sem hefur hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á skipulegum markaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, skal þegar í stað eftir samþykkt ársreiknings, senda ársreikningaskrá ársreikning sinn sbr. 3. gr., þó eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.
 5. Félag sem beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samkvæmt heimild í 92. gr. laganna skal þegar í stað eftir samþykkt ársreiknings, senda ársreikningaskrá ársreikning sinn sbr. 3. gr., þó eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.
- b. 2. mgr. verður svohljóðandi:
Á sama hátt skulu félög sem skyld eru til að semja samstæðureikning skv. VII. kafla, senda ársreikningaskrá samstæðureikning sinn innan þeirra tímafresta sem kveðið er á um í 1. mgr.
- c. Við greinina bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:
Ársreikningum og samstæðureikningum skal skilað rafrænt til ársreikningaskrár í samræmi við reglur sem ársreikningaskrá setur.

7. gr.

Á eftir 20. tölul. 1. mgr. 122. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því:

66. gr. f. um skyldu til að semja, skila og birta skýrslu með tekjuskattsupplýsingum, og ef við á yfirlýsingu skv. 3. mgr. 66. gr. f.

8. gr.

3. mgr. 127. gr. laganna orðast svo:

Viðmiðunarmörk í 66. gr. f. miðast við gengi evru frá 13. nóvember 2025. Ráðherra er heimilt að breyta þessum fjárhæðum til samræmis við breytingar á fjárhæðum í tilskipun 2021/2101/ESB eða ef verulegar breytingar verða á gengi evru.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2026 eða síðar.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum. Með frumvarpinu eru innleiddar tvær Evróputilskipanir sem báðar gera breytingar á ársreikningatilskipun ESB nr. 2013/34/ESB, sem þegar hefur verið innleidd í íslenskan rétt í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um evrópska efnahagssvæðið.

Annars vegar er þar um að ræða tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2023/2775 frá 17. október 2023, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB að því er varðar breytingar á stærðarviðmiðunum fyrir örfyrirtæki, lítil, meðalstór og stór fyrirtæki eða samstæður. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2025 frá 13. júní 2025. Ákvörðunin var birt í EES-viðbæti við stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 71, þann 13. nóvember 2025.

Hins vegar er með frumvarpinu innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2021/2101 frá 24. nóvember 2021, um breytingu á tilskipun 2013/34/ESB að því er varðar birtingu tekjuskattsupplýsinga af hálfu tiltekinna fyrirtækja og útibúa. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2025, frá 13. júní 2025. Ákvörðunin var birt í EES-viðbæti við stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 71, þann 13. nóvember 2025.

Í frumvarpinu er jafnframt lögð til hækkun um 25% á endurskoðunarmörkum í lögnum, sem og breytingar er lúta að skilum ársreikninga til opinberrar birtingar.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með frumvarpinu eru sem áður segir innleiddar tvær Evróputilskipanir sem báðar hafa verið teknar upp í EES-samninginn, þ.e. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2023/2775 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2021/2101. Báðar þessar tilskipanir breyta fyrri tilskipun 2013/34/ESB (ársreikningatilskipun ESB) sem innleidd var á sínum tíma með lögum. Hinar nýju tilskipanir kalla á breytingar á lögum um ársreikninga og má því rekja tilefni og nauðsyn frumvarpsins í grunninn til samningsskuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Auk þess er frumvarpið í samræmi áherslur úr stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins, um einföldun regluverks og skilvirkt rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi. Með frumvarpinu er reynt að tryggja að flokkun félaga samkvæmt ársreikningalögum endurspegli raunverulegt efnahagslegt umfang þeirra og lögð er til rýmkun á stærðarmörkum þeirra félaga sem geta nýtt sér einföld rafræn skil, með því að vera skilgreind sem örfélög. Stór hluti íslenskra fyrirtækja fellur þar undir. Verði frumvarpið að lögum munu fleiri minni rekstraraðilar hér á landi falla undir skilgreiningu laganna um örfélög og njóta þeirrar stöðu sem því fylgir, til samræmis við þróun síðustu ára inna EES. Með frumvarpinu er þannig verið að koma á móts við ábendingar frá atvinnulífinu um að dreifa álagi skila ársreikninga yfir lengri tíma, létta álögur á minnstu félögin en fá upplýsingar fyrir stærri félög, sem er liður í aukinni skilvirkni og gagnsæi fyrir markaðinn.

Þær breytingar sem er að finna í frumvarpinu eru fjórþættar.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á stærðarmörkum í lögnum. Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2023/2775 um breytingar á ársreikningatilskipun ESB varðandi stærðarmörk félaga. Stærðarmörk félaga í lögum um ársreikninga eru þau sömu innan EES og er með frumvarpinu er verið að hækka þau um 25% til samræmis við breytingar innan ESB. Undantekning frá því er hækkun á örfélögum en hækkunin á þeim mörkum er töluvert hærri þar sem fyrri mörk voru töluvert lægri en hæstu leyfileg mörk samkvæmt ársreikningatilskipuninni. Ef umrædd tilskipun yrði ekki innleidd í íslenskan rétt væri það brot á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands og hefði þau áhrif að regluverk hér á landi yrði ekki sambærileg regluverki annarra EES-ríkja. Einnig myndi stærðarviðmið íslenskra félaga vera lægri en í EES-ríkjunum sem leiðir til þess að regluverk fyrir smærri félög yrði meira íþyngjandi hér á landi en í nágrannaríkjunum.

Í öðru lagi er í frumvarpinu lögð til hækkun um 25% á endurskoðunarmörkum í lögnum, þ.e. fjárhæðarmörk sem ákveða hvort ársreikningur þurfi að vera endurskoðaður af endurskoðanda, í samræmi við hækkun á stærðarmörkum félaga. Talið er rétt að hækka endurskoðunarmörkin í samræmi við hækkun á stærðarmörkum félaga. Með þessari breytingu er meðal annars verið að bregðast við óskum sem fram hafa komið um að endurskoðunarmörkin séu hækkuð.

Í þriðja lagi er um að ræða innleiðingu á tilskipun (ESB) nr. 2021/2101 er varðar skylduna um að útbúa skýrslu með upplýsingum um tekjuskatt og birta opinberlega. Markmið tilskipunarinnar er að auka gagnsæi og ábyrgð félaga með því að efla opinbera úttekt á tekjuskatti félaga sem fjölþjóðleg félög bera, og þar með leggja sitt af mörkum til velferðar samfélagsins. Ef tilskipun ESB nr. 2021/2101 yrði ekki innleidd í íslenskan rétt væri það brot á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands og hefði þau áhrif að regluverk hér á landi yrði ekki sambærilegt regluverki annarra EES-ríkja. Þá væri gagnsæi um tekjuskatt stórra fjölþjóðlegra

félaga ekki það sama hérlandis og í öðrum EES-ríkjum. Nágrannalönd hafa innleitt tilskipunina en t.a.m. hefur Svíþjóð og Danmörk innleitt tilskipunina að fullu inn í lög um ársreikninga. Lagt er til í frumvarpi þessu að tilskipun (ESB) 2021/2010 verði innleidd inn í lög um ársreikninga með setningu nýs ákvæðis 66. gr. f. en síðan verði ráðherra gert að kveða nánar um framkvæmdina, t.a.m. um innihald skýrslu um tekjuskattsupplýsingar, um ábyrgð á gerð og birtingu skýrslunnar og birtingu og aðgengi

Í fjórða lagi er um að ræða breytingar er lúta að skilum ársreikninga til opinberrar birtingar. Er verið að leggja til að stærri og kerfislega mikilvæg félög skili ársreikningi fyrr á árinu en minni félög. Tímanleg birting ársreikninga, og eftir atvikum samstæðureikninga, styður við gagnsæi og eðlilegt aðhald, enda eru fjárhagsupplýsingar mikilvægar fyrir traust og skilvirkni viðskipta og ákvörðunartöku byggðum á þeim.

3. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni frumvarpsins snýr að eftirfarandi fjórum þáttum.

Í fyrsta lagi er með frumvarpinu um að ræða innleiðingu á tilskipun framkvæmdastjórnar ESB nr. 2023/2775 að því er varðar breytingar á stærðarviðmiðunum fyrir örfélög, lítil, meðalstór og stór félög eða samstæður. Tilskipunin felur í sér breytingu á stærðarmörkum félaga í Evrópusambandinu. Stærðarmörk félaga í lögum um ársreikninga eru þau sömu innan EES og er með frumvarpinu verið að hækka þau til samræmis við breytingar sem lagðar eru til í tilskipuninni. Til efni tilskipunarinnar frá 2023 var ör verðlagsþróun á undanförunum árum innan Evrópska efnahagssvæðisins, einkum á árunum 2021 og 2022. Með endurskoðun stærðarmarkanna er verið að gæta þess að fjöldi félaga flytjist ekki í hærri stærðarflokk eingöngu vegna hækkunar fjárhæðastærða í bókhaldi, án þess að raunverulegt umfang starfseminnar hefði aukist. Með tilskipuninni er fjárhæðarmörk vegna heildareigna og veltu hækkuð um 25% í samræmi við uppsafnaða verðlagsþróun frá síðustu endurskoðun markanna. Fjöldamörk starfsmanna haldast óbreytt. Markmið breytinganna er að tryggja að flokkun félaga samkvæmt ársreikningalögum endurspegli áfram raunverulegt efnahagslegt umfang þeirra. Með frumvarpinu er lagt til að markmiðinu með einföldun fyrir örfélög verði náð með skýrari og markvissari afmörkun. Annars vegar með því að rýmka verulega stærðarmörk þeirra félaga sem geta nýtt sér rafræna lausn ríkisskattstjóra en með því ættu fleiri minni rekstraraðilar með einfaldan og takmarkaðan rekstur að falla undir skilgreiningu um örfélög. Lagt er til að viðmiðunarmörk fyrir örfélög hækki verulega, þ.e. að heildareignir verði 50 millj. kr. í stað 20 millj. kr., hrein velta verði 100 millj. kr. í stað 40 millj. kr. Það er þó innan marka örfélaga samkvæmt tilskipun nr. 2023/2775 en með henni eru stærðarmörkin fyrir heildareign örfélaga hækkuð upp í 66.300.000 kr. og 133.000.000 kr. í hreinni veltu.

Í öðru lagi er í frumvarpinu lögð til hækkun um 25% á endurskoðunarmörkum í lögnum. Talið er rétt að hækka endurskoðunarmörkin í samræmi við hækkun á stærðarmörkum félaga. Með þessari breytingu er verið að bregðast við ósk markaðarins um að endurskoðunarmörkin séu hækkuð. Endurskoðunarmörkin hafa verið í skoðun innan ráðuneytisins ásamt endurskoðun á skoðunarmannakerfinu en félög sem ekki falla undir endurskoðunarskylduna hér á landi skulu láta skoðunarmann yfirfara ársreikning félagsins.

Í þriðja lagi er með frumvarpinu um að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2021/2101/ESB um breytingu á tilskipun 2013/34/ESB að því er varðar birtingu tekjuskattsupplýsinga af hálfu tiltekinna félaga og útibúa. Með henni er verið að auka gagnsæi og ábyrgð félaga með því að efla opinbera úttekt á tekjuskatti félaga sem fjölþjóðleg félög bera, og þar með leggja sitt af mörkum til velferðar samfélagsins. Með tilskipuninni er kveðið

á um skyldu tiltekinna stórra fjölþjóðlegra samstæðna og útbíúa þeirra að birta opinberlega tilteknar skattaupplýsingar. Opinber skýrslugjöf er skilvirk og viðeigandi tól til að auka gagnsæi í tengslum við starfsemi fjölþjóðlegra félaga og til að gera almenningi kleift að meta áhrif þessarar starfsemi á raunhagkerfið. Hún eykur einnig getu hluthafa til að meta á tilhlýðilegan hátt áhættu sem félög taka, leiðir til þess að fjárfestingaráætlanir geti byggst á nákvæmum upplýsingum og eykur getu þeirra sem taka ákvarðanir til að meta skilvirkni og áhrif landslöggjafar.

Fyrir samstæður sem stunda einungis starfsemi innan EES fyrir milligöngu dótturfélaga eða útbíúa ættu þessi dótturfélög og útbíúa að birta og gera aðgengilega skýrslu endanlega móðurfélagsins. Ef þær upplýsingar, eða sú skýrsla, eru ekki tiltækar eða ef endanlegt móðurfélag veitir ekki dótturfélagunum eða útbíuunum allar tilskildar upplýsingar ættu dótturfélögin og útbíuin að útbíúa, birta og gera aðgengilega skýrslu með tekjuskattupplýsingum sem inniheldur allar upplýsingar sem þau búa yfir, hafa fengið eða aflað og gefa út yfirlýsingu þar sem fram kemur að endanlegt móðurfélag þeirra hafi ekki gert allar nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar.

Á síðustu árum hafa alþjóðlegar reglur um skýrslugjöf fjölþjóðlegra félaga tekið miklum breytingum með það að markmiði að auka gagnsæi í skattamálum og styrkja getu skattyfirvalda til að bregðast við skattasniðgöngu og tilfærslu skattstofna. Í því samhengi hafa tvö aðskilin en tengd kerfi verið tekin upp, annars vegar ríki-fyrir-ríki skýrslugjöf samkvæmt leiðbeiningum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og tilskipun Evrópusambandsins um stjórnsýslusamvinnu í skattamálum (DAC4), sem innleitt hefur verið inn í lög um tekjuskatt, og hins vegar opinber landa-fyrir-landa skýrslugjöf samkvæmt tilskipun (ESB) 2021/2101 sem innleidd er með þessu frumvarpi. Þótt bæði kerfin byggji á hugmyndinni um sundurliðaðar upplýsingar stórra fjölþjóðlegra samstæðna eru þau ólík og þjóna ólíkum tilgangi. Tilskipun (ESB) 2021/2101 er sett á grundvelli reikningsskila- og félagaréttar, en ekki skattaréttar, og breytir tilskipun 2013/34/ESB um ársreikninga. Með henni er kveðið á um skyldu til opinberrar birtingar tiltekinna skattaupplýsinga af hálfu stórra félaga og útbíúa. Tilgangur hennar þjónar markmiðum um gagnsæi og upplýsingagjöf til almennings.

Í fjórða lagi eru með frumvarpinu lagðar til breytingar er lúta að skilum ársreikninga til opinberrar birtingar. Hér er verið að leggja til að stærri og kerfislega mikilvæg félög skili ársreikningi til opinberrar birtingar fyrir á árinu en minni félög. Jafnframt er lagt til að skilafrestur fyrir örfélög verði lengdur. Með breytingunni er verið að koma á móts við ábendingar frá endurskoðendum um að dreifa álagi skila yfir lengri tíma, létta álögur á allra minnstu félögin en fá upplýsingar fyrir fyrir stærri félög sem er liður í ríkara gagnsæi fyrir markaðinn. Gagnsæi á fjármálamarkaði byggist á að markaðurinn fái viðeigandi, áreiðanlegar og samanburðarhæfar upplýsingar með tímanlegum hætti, þ.e. að fjárhagsupplýsingar séu birtar nógu snemma til að skipta máli og að allir hafi aðgang á sama tíma. Tímanleg birting ársreikninga, og eftir atvikum samstæðureikninga, styður við gagnsæi og eðlilegt aðhald, enda eru fjárhagsupplýsingar mikilvægar fyrir traust og skilvirkni viðskipta og ákvörðunartöku byggðum á þeim. Einnig er litið til þess að í helstu nágrannaríkjum Íslands eru skilafrestir almennt sex mánuðir, svo sem í Danmörku og Finnlandi, og í Svíþjóð er almennt miðað við sjö mánuði. Á móti kemur að rýmkun á skilafresti fyrir öll örfélög, ekki einungis þeirra sem nýta sér „hnappinn“, fyrir utan þau örfélög sem falla undir 8. mgr. 3. gr. laganna, þannig að ef

svo ber undir þá geta þau með skilað ársreikningi innan þess frests sem ríkisskattstjóri veitir skattaðilum til að skila framtölum sínum. Er hér m.a. litið til meðalhófs en örfélög eru minnstu félögin og rekstur þeirra takmarkaður og einfaldari en annarra félaga og því ekki eins brýnt fyrir fjármálamarkaði að fjárhagsupplýsingar þessar félaga berist eins snemma.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Þær breytingar sem lagðar eru til stangast ekki á við ákvæði stjórnarskrárinnar eða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Með frumvarpinu er innleidd tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2775 um breytingu á tilskipun (ESB) 2013/34 að því er varðar stærðarviðmið fyrir örfélög, lítil, meðalstór og stór félög eða samstæður, og tilskipun (ESB) 2021/2101 um breytingu á tilskipun 2013/34/ESB að því er varðar upplýsingagjöf tiltekinna félaga og útibúa um tekjuskattupplýsingar.

5. Samráð.

Frumvarpið lýtur að viðskiptalífínu og stærðarflokkun félaga og snertir því markaðinn á Íslandi í heild. Sama á við um skilafresti til opinberrar birtingar hjá ársreikningaskrá. Varðandi endurskoðunarmörkin og skilafrestina hafa þau einnig áhrif á endurskoðendur. Frumvarpið er skrifað í atvinnuvegaráðuneytinu en samráð hefur verið haft við ársreikningaskrá og Félag löggiltra endurskoðenda varðandi skilafresti ársreikninga til opinberrar birtingar og endurskoðunarmörkin. Einnig var haft samráð við fjármála- og efnahagsráðuneytið varðandi innleiðinguna á Evróputilskipuninni varðandi skýrsluna með tekjuskattupplýsingum sem er að finna í 3. gr. frumvarpsins. Þá eru frumvarpsdrögin birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

Drög að frumvarpinu voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda þann og bárust umsagnir.

...

6. Mat á áhrifum.

Með frumvarpinu er verið að innleiða tvær Evróputilskipanir auk þess að breyta tímafrestum á skilum á ársreikningum til opinberrar birtingar hjá ársreikningaskrá. Með breytingum á stærðarmörkum félaga samkvæmt tilskipun nr. 2023/2775/ESB er verið að hækka stærðarmörk félaga um 25% í samræmi við hækkun á stærðarmörkum í Evrópu. Mismunandi ákvæði gilda um mismunandi stærðir félaga og er því mikilvægt að stærðarmörk séu endurskoðuð og yfirfarin. Samkvæmt tölum frá Skattinum þá eru á tekjuári 2024 9.033 lítil félög, 548 meðalstór félög og 166 stór félög. Með 25% hækkun þessara stærðarmarkna þá er áætlað að 5.431 félag falli undir skilgreininguna lítil félög, 458 félög sem meðalstór félög og 139 sem stór félög. Einnig voru endurskoðunarmörkin hækkuð um 25%, en 1.741 félag var endurskoðunarskylt árið 2024. Talið er að eftir hækkunina verði 1.461 félag endurskoðunarskylt. Breytingar á stærðarmörkum í frumvarpinu hafa þær afleiðingar að félög sem hafa verið á mörkum tveggja stærða þurfa að skoða í hvaða stærðarflokk þau falla og hvaða reglur gildi um þeirra stærðarflokk. Önnur tilskipun ESB nr. 2021/2101 sem frumvarpið tekur til nær einungis til stórra fjölbjóðlegra félaga sem þurfa að birta með ársreikningi opinbera skýrslu um tekjuskattupplýsingar fari félagið yfir 111 milljarða króna í heildarveltu. Byggt á tölum tekjuársins 2024 má ætla að það séu um 4 félög sem falla undir þau skilyrði.

Jafnframt er með frumvarpinu um að ræða breytingar er lúta að skilum ársreikninga til opinberrar birtingar. Er lagt til að stærri og kerfislega mikilvæg félög skili ársreikningum fyrir

á árinu en minni félög og þau félög sem skilgreind eru sem örfélög, fyrir utan þau örfélög sem falla undir 8. mgr. 3. gr. laganna, er heimilt að skila ársreikningi eða rekstrar og efnahagsyfirliti skv. 7. mgr. 3. gr. innan þess frest sem ríkisskattstjóri veitir skattaðilum til að skila framtölum sínum. Fyrir tekjúsárið 2024 skiluðu 27.315 af 40.882 örfélögum með „hnappinum“ en eftir hækkun stærðarmarka örfélaga má reikna með að meiri hluti 44.601 örfélaga geti skilað með hnappnum innan þess frests sem ríkisskattstjóri veitir skattaðilum.

Tekjuár	Stærðarflokkur	Fjöldi f. br.	Fjöldi e. br.	Breyting
2024	Örfélag	40.882	44.601	+3.719
	Lítið félag	9.033	5.431	-3.602
	Meðalstórt félag	548	458	-90
	Stórt félag	166	139	-27
	Endurskoðunarskyld	1.741	1.461	-280

Við vinnslu á tölulegum upplýsingum er stuðst við tölur úr innsendum ársreikningum frá Skattinum.

Ekki er gert ráð fyrir aukinn kostnað á ríkissjóð með breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein eru í fyrsta lagi hækkuð viðmiðunarmörk stórra, millistórra og lítilla félaga til samræmis við hækkun stærðarmarka samkvæmt framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2775 um breytingu á tilskipun (ESB) 2013/34.

Í breytingunni felst að viðmiðunarmörk fyrir heildareignir og hreina veltu fyrir lítil, meðalstór og stór félag og lítilla, meðalstórra og stórra samstæðna hækki um tuttugu og fimm hundraðshluti (25%). Með breytingunni verða stærðarmörk félaga hér á landi þau sömu og í Evrópusambandinu en Íslandi er skylt að innleiða framangreinda breytingu samkvæmt samningum um Evrópska efnahagssvæðið. Jafnframt eru viðmiðunarmörk heildareigna og hreinnar veltu hækkuð en ákvæði um undanþágur fyrir örfélög í fyrrnefndri tilskipun eru valkvæð en ekki skylda.

Með frumvarpinu er því lagt til að markmiðinu með einföldun fyrir örfélög verði náð með skýrari og markvissari afmörkun. Annars vegar með því að rýmka verulega stærðarmörk þeirra félaga sem geta nýtt sér rafræna lausn ríkisskattstjóra en með því ættu fleiri minni rekstraraðilar með einfaldan og takmarkaðan rekstur að falla undir skilgreiningu um örfélög.

Lagt er til að viðmiðunarmörk fyrir örfélög hækki verulega, þ.e. að heildareignir verði 50 millj. kr. í stað 20 millj. kr., hrein velta verði 100 millj. kr. í stað 40 millj. kr. Það er þó innan marka örfélaga samkvæmt tilskipun nr. 2023/2775 en með henni eru stærðarmörkin fyrir heildareign örfélaga hækkuð upp í 66.300.000 kr. og 133.000.000 kr. í hreinni veltu.

Um 2. gr.

Við innleiðingu á ársreikningatilskipun (ESB) 2013/34 var lögð rík áhersla á að kröfur um fjárhagsupplýsingar væru í samræmi við meginreglur um betri lagasetningu, þ.m.t. að draga úr íþyngjandi regluverki á smærri félög. Þannig væru kröfur á smærri félög, einkum örfélög, í réttu hlutfalli við þann ávinning sem af birtingu fjárhagsupplýsinga þeirra hlýst. Notendur reikningsskila smærri félaga hafa almennt minni þörf fyrir ítarlegar upplýsingar og áhætta í

slíkum félögum fyrir samfélagið er allt önnur en svo dæmi sé tekið í stórum þjóðhagslega mikilvægum félögum. Í tilskipuninni var innleidd heimild um að heimila örfélögum að birta einfaldari fjárhagsyfirlit með lágmarksskýringum. Slíkar einfaldanir voru þó ekki ætlaðar fyrir félög þar sem eðli starfseminnar kallar á aukið gagnsæi og upplýsingagjöf. Var í því skyni sérstaklega tekið fram að bæði eignarhaldsfélög og fjárfestingarfélög yrðu undanþegin þeim einföldunum sem ætlaðar eru örfélögum. Þessi heimild var innleidd í 7. mgr. 3. gr. laganna árið 2016 og er í 8. mgr. ákvæðisins talin upp þau félög sem ekki geta notið undanþáguna.

Almennt hefur reynslan af þessari lausn verið góð, en í dag nýta u.þ.b. þrjú af fimm félögum sem falla undir gildissvið ársreikningalaga heimild sem var innleidd í 7. mgr. 3. gr. laganna um einfaldanir fyrir félög sem flokkast sem örfélög. Undanþágan frá birtingu ársreiknings skv. 7. mgr. 3. gr. felur í sér að í stað ársreiknings geta örfélög beðið ríkisskattstjóra um að útbúa rekstrar- og efnahagsyfirlit byggt á innsendu skattframtali félagsins (Hnappurinn). Þessi lausn var hugsuð sem úrræði til einföldunar fyrir aðila með takmarkaðan og einfaldan rekstur, svo sem iðnaðarmenn, einyrkja og minni verslunar- og þjónustufélög þar sem umfang rekstrar er almennt ekki þess eðlis að þau standi undir miklum stjórnsýslubyrðum eða kostnaði við gerð ársreikninga.

Eins og áður hefur komið fram var þetta úrræði ekki ætlað fyrir félög þar sem meginstarfsemi felst í eignastýringum, fjárfestingum eða umtalsverðri uppbyggingu eignasafna, en skýrt kemur fram í tilskipuninni að eignarhaldsfélög og fjárfestingarfélög megi ekki nýta sér framangreindar undanþágur. Við framkvæmd gildandi reglna hefur komið í ljós að félög með verulegar eignir geta fallið innan viðmiðunarmarka fyrir örfélög. Þetta á sérstaklega við félög sem stunda fjárfestingarstarfsemi og félög í fasteignastarfsemi. Slík félög geta verið með verulegar eignir, flókið áhættusnið og viðskipti auk þess sem mat eigna byggist á matskenndum þáttum og veðsetningar og aðrar skuldbindingar séu utan efnahagsreiknings. Því er lagt til í frumvarpi þessu að bætt verði við tölulið í 8. mgr. 3. gr. laganna þar sem félag með heildareignir sem nemur hærri fjárhæð en 200 millj.kr. getur ekki nýtt sér undanþáguna skv. 7. mgr. ákvæðisins. Þetta á við ef félagið fer yfir 200 millj.kr. viðmiðunarmörkin viðkomandi og síðastliðins reikningsárs.

Um 3. gr.

Lagt er til að sett verði nýtt ákvæði um opinbera skýrslu með tekjuskattupplýsingum. Ákvæðið er nýmæli og kemur til vegna innleiðingar á 2013/34/ESB að því er varðar birtingu tiltekinna félaga og útbúa á upplýsingum um tekjuskatt. Markmið ákvæðisins er að auka gagnsæi og ábyrgð félaga með því að efla opinbera úttekt á tekjuskatti félaga sem fjölþjóðleg félög bera, og þar með leggja sitt af mörkum til velferðar samfélagsins. Með tilskipuninni er kveðið á um skyldu tiltekinna stórra fjölþjóðlegra samstæðna og útbúa þeirra að birta opinberlega tilteknar skattaupplýsingar. Opinber skýrslugjöf er skilvirkt og viðeigandi tól til að auka gagnsæi í tengslum við starfsemi fjölþjóðlegra félaga og til að gera almenningi kleift að meta áhrif þessarar starfsemi á raunhagkerfið. Hún eykur einnig getu hluthafa til að meta á tilhlýðilegan hátt áhættu sem félög taka.

Á síðustu árum hafa alþjóðlegar reglur um skýrslugjöf fjölþjóðlegra félaga tekið miklum breytingum með það að markmiði að auka gagnsæi í skattamálum og styrkja getu skattýfirvalda til að bregðast við skattasniðgöngu og tilfærslu skattstofna. Í því samhengi hafa tvö aðskilin en tengd kerfi verið tekin upp, annars vegar ríki-fyrir-ríki skýrslugjöf samkvæmt leiðbeiningum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og tilskipun Evrópusambandsins um stjórnsýslusamvinnu í skattamálum (DAC4), sem innleitt hefur verið

inn í lög um tekjuskatt, og hins vegar opinber landa-fyrir-landa skýrslugjöf samkvæmt tilskipun (ESB) 2021/2101. Þótt bæði kerfin byggja á hugmyndinni um sundurliðaðar upplýsingar stórra fjölþjóðlegra samstæðna eru þau ólík og þjóna ólíkum tilgangi. Tilskipun (ESB) 2021/2101 er sett á grundvelli reikningsskila- og félagaréttar, en ekki skattaréttar, og breytir tilskipun 2013/34/ESB um ársreikninga. Með henni er kveðið á um skyldu til opinberrar birtingar tiltekinna skattaupplýsinga af hálfu stórra félaga og útibúa. Tilgangur hennar þjónar markmiðum um gagnsæi og upplýsingagjöf til almennings. Ef tilskipun ESB nr. 2021/2101 yrði ekki innleidd í íslenskan rétt væri það brot á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands og hefði þau áhrif að regluverk hér á landi yrði ekki sambærilegt regluverki annarra EES-ríkja. Þá væri gagnsæi um tekjuskatt stórra fjölþjóðlegra félaga ekki það sama hérlandis og í öðrum EES-ríkjum. Nágrannalönd hafa innleitt tilskipunina en t.a.m. hefur Svíþjóð og Danmörk innleitt tilskipunina að fullu inn í lög um ársreikninga. Lagt er til í frumvarpi þessu að tilskipun (ESB) 2021/2010 verði innleidd inn í lög um ársreikninga með setningu nýs ákvæðis 66. gr. f. en síðan verði ráðherra gert að kveða nánar um framkvæmdina, t.a.m. um innihald skýrslu um tekjuskattsupplýsingar, um ábyrgð á gerð og birtingu skýrslunnar og birtingu og aðgengi.

Í a. – d. liðar ákvæðisins eru listuð þau félög sem falla undir ákvæðið og bera að semja og birta skýrslu með tekjuskattsupplýsingum eigi síðar en 12 mánuðum frá lokum reikningsárs. Í fyrstu tveimur staflaðum ákvæðisins er kveðið á um annars vegar endanlegt móðurfélag fjölþjóðlegrar heildarsamstæðu ef samanlögð velta á dagsetningu efnahagsreiknings á hvoru af viðkomandi og síðastliðins reikningsárs voru umfram 111.000.000.000 kr. líkt og fram kemur í samstæðureikningsskilum félagsins. Hins vegar er kveðið á um sjálfstætt fjölþjóðlegt félag ef tekjur á uppgjörssdegi þess voru umfram 111.000.000.000 kr. á hvoru af tveimur fjárhagsárum samkvæmt ársreikningi. Í tveimur síðustu staflaðum ákvæðisins er kveðið á um tilfellið ef samstæður sem stunda einungis starfsemi innan EES fyrir milligöngu dótturfélaga eða útibúa ættu þessi dótturfélög og útibú að birta og gera aðgengilega skýrslu endanlega móðurfélagsins. Ef þær upplýsingar, eða sú skýrsla, eru ekki tiltækar eða ef endanlegt móðurfélag veitir ekki dótturfélögunum eða útibúunum allar tilskildar upplýsingar ættu dótturfélögin og útibúin að útbúa, birta og gera aðgengilega skýrslu með tekjuskattsupplýsingum sem inniheldur allar upplýsingar sem þau búa yfir, hafa fengið eða aflað og gefa út yfirlýsingu þar sem fram kemur að endanlegt móðurfélag þeirra hafi ekki gert allar nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar. Vegna meðalhófs og skilvirkni ætti skyldan til að birta og gera aðgengilega skýrsluna með tekjuskattsupplýsingum þó að vera takmörkuð við meðalstór og stór dótturfélög með staðfestu innan EES og við útibú sem eru af sambærilegri stærð sem komið er á fót innan EES.

Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um innihald skýrslunnar en ráðherra skal setja reglugerð sem kveður nánar um þær upplýsingar.

Í 3. mgr. ákvæðisins er kveðið á um opinber skýrsla um tekjuskattsupplýsingar skal vera skiluð inn til ársreikningaskrá til opinberrar birtingu með ársreikningi.

Í 4. og 5. mgr. ákvæðisins er kveðið á um hver beri ábyrgð á því að útbúa, birta og gera skýrsluna með tekjuskattsupplýsingum aðgengilega.

Ráðherra skal setja reglugerð um þær upplýsingar sem um getur í þessari grein og nánari framkvæmd.

Um 4. gr.

Fram kemur í 1. mgr. 68. gr. laganna að félag, nema um sé að ræða einingu tengda almannahagsmunum, þurfi ekki að semja ársreikning ef samstæðan flokkast sem lítill samstæða. Með frumvarpi sem varð að lögum nr. 73/2016 um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 var gerð sú breyting að bætt var við skilgreiningu í 33. tölul. 2. gr. laganna á lítilli, meðalstórri og stórri samstæðu ásamt því að flokkun samstæðu breyttist ekki nema samstæðan færi yfir eða undir tvö af þremur viðmiðunarmörkum viðkomandi og síðastliðins reikningsárs. Það hefur þó gleymst að breyta skilgreiningu 2. mgr. 68. gr. í samræmi og getur það því valdið misskilningi við framkvæmd laganna. Skilgreining 33. tölul. er í meira samræmi við ákvæði tilskipunar ESB nr. 2013/34 og er því lagt til að 2. mgr. verið felld á brott úr lögnum.

Um 5. gr.

Með þessari grein er gerð breyting á orðalagi 1. mgr. ákvæðisins þar sem í stað orðanna „tvö næstliðin reikningsárs“ koma orðin „viðkomandi og síðastliðið reikningsár“. Er það til að samræma orðalag annars staðar í lögnum.

Með þessari grein eru endurskoðunarmörkin hækkuð um 25% í samræmi við stærðarmörk félaga í 11. tl. og 33. tl. 2. gr. og þær breytingar sem gerðar eru á ákvæðinu sbr. 3. gr. þessa frumvarps. Þessi hækkun er áfangi í heildarskoðun á yfirferð og endurskoðun ársreikninga. Í dag skulu öll félög, önnur en þau örfélög sem nýta sér heimild 7. mgr. 3. gr. laganna að semja rekstraryfirlit og efnahagsyfirlit byggt á skattframtali félagsins og skila með „hnappnum“ með skattframtali, láta þriðja aðila, skoðunarmann eða endurskoðanda yfirfara eða endurskoða ársreikning félagsins. Unnið er að nýjum lögum um bókhald þar sem m.a. framtíð skoðunarmannkerfisins er til skoðunar. Samkvæmt ársreikningatilskipun ESB nr. 2013/34 skulu öll félög meðal stór eða stærri vera endurskoðuð en aðildarríkjum er heimilt að gera kröfu um að mörkin séu neðar. Við skoðun á endurskoðunarmörkum Norðurlandanna má sjá að þau hafa valið að setja mörkin neðar en viðmiðunarmörk samkvæmt ársreikningatilskipuninni. Norðurlöndin hafa verið með mismunandi endurskoðendur sem endurskoða ársreikninga, skráða endurskoðendur (registrerede revisorer) og svo löggilta endurskoðendur (statsautoriserede revisorer). Samkvæmt ársreikningatilskipuninni skulu löggiltir endurskoðendur endurskoða ársreikninga meðalstórra og stórra félaga en engin skylda á endurskoðun lítilla félaga. Aðildarríkjunum er þó heimilt að setja ríkari kröfur varðandi endurskoðun undir viðmiðunarmörkin í tilskipuninni. [Accountancy Europe gaf út könnun í janúar 2026](#) þar sem birt eru endurskoðunarmörk í Evrópu eftir hækkun stærðamarkanna sem verið er að innleiða með frumvarpi þessu, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Í fyrrgreindri skýrslu má sjá að Norðurlöndin eru með lægstu endurskoðunarskyldu í Evrópu. Viðmiðunarmörk fyrir endurskoðun sem lögð eru til í frumvarpi þessu eru hærri en á hinum Norðurlöndunum.

Einnig er lagt til að ef hrein velta sé ekki lýsandi fyrir starfsemi félagsins skuli miða við aðrar tekjur, svo sem tekjur af fjármálagerningum, er það í samræmi við orðalag 11. tl. 2. gr. laganna. Jafnframt er lagt til að ef heildareignir fari yfir a.m.k. 1.500.000.000 kr. á viðkomandi og síðastliðins reikningsárs þá gildir ekki undanþáguheimild skv. 1. mgr. ákvæðisins.

Um 6. gr.

Lagt er til að ákvæði 109. gr. laganna verði endurskoðað með það að markmiði að auka skýreika ákvæðisins og þannig stuðla að auknu gagnsæi á markaði.

Í breytingunni felst annars vegar að skilafrestur örfélaga, eins og þau eru skilgreind í a-lið 11. tölul. 2. gr. laganna, nái til allra örfélaga ekki einungis þeirra sem nýta sér „hnappinn“ fyrir utan þau örfélög sem falla undir 8. mgr. 3. gr. laganna, er heimilt að skila ársreikningi eða rekstrar og efnahagsyfirliti skv. 7. mgr. 3. gr. innan þess frest sem ríkisskattstjóri veitir skattaðilum til að skila framtölum sínum. Hins vegar er lagt til að stór félög ásamt einingum tengdum almannahagsmunum (svo kölluð ETA eða PIE félög) skili innan sex mánaða frá lokum reikningsárs, að því tilskyldu að þau beiti ekki alþjóðlegum reikningsskila-stöðlum (IFRS) við gerð reikningsskila sinna. Félag sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samanber VIII. kafla laganna lúta áfram sérreglu um fjögurra mánaða skilafrest.

Rökstuðningur fyrir styttingu skilafresta stórra félaga og eininga tengdum almannahagsmunum byggist á því að fjárhagsupplýsingar framangreindra aðila hafa að jafnaði meira vægi fyrir markaðinn, lánadrottna og aðra haghafa. Gagnsæi á fjármálamarkaði byggist á að markaðurinn fái viðeigandi, áreiðanlegar og samanburðarhæfar upplýsingar með tímanlegum hætti, þ.e. að fjárhagsupplýsingar séu birtar nógu snemma til að skipta máli og að allir hafi aðgang á sama tíma. Tímanleg birting ársreikninga, og eftir atvikum samstæðureikninga, styður við gagnsæi og eðlilegt aðhald, enda eru fjárhagsupplýsingar mikilvægar fyrir traust og skilvirkni viðskipta og ákvörðunartöku byggðum á þeim. Einnig er litið til þess að í helstu nágrannaríkjum Íslands eru skilafrestir almennt sex mánuðir, svo sem í Danmörku og Finnlandi, og í Svíþjóð er almennt miðað við sjö mánuði.

Á móti kemur að til stendur að rýmka skilafresti fyrir öll örfélög, ekki einungis þeirra sem nýta sér „hnappinn“, fyrir utan þau örfélög sem falla undir 8. mgr. 3. gr. laganna, þannig að ef svo ber undir þá geta þau með skilað ársreikningi innan þess frests sem ríkisskattstjóri veitir skattaðilum til að skila framtölum sínum. Er hér m.a. litið til meðalhófs en örfélög eru minnstu félögin og rekstur þeirra takmarkaður og einfaldari en annarra félaga og því ekki eins brýnt fyrir fjármálamarkaði að fjárhagsupplýsingar þessar félaga berist eins snemma. Lengri frestur er því talinn draga úr þyngri stjórnsýslubyrðum minnstu aðila án þess að rýra þá upplýsingagjöf sem hefur mest vægi á fjármálamarkaði.

Einnig er lagt til að skýra og einfalda framkvæmd ákvæðisins með því að setja fram skilafresti í tölulíðum eftir flokkum félaga í stað þess að hafa eina langa málsgrein með fjölda málslíða.

Þá er lagt til að félög skuli í öllum tilvikum skila ársreikningi, og samstæðureikningi ef svo ber undir, þegar í stað eftir staðfestingu þeirra á aðalfundi til samræmis við núverandi kröfur í 109. gr. til félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Rök fyrir þessari breytingu eru þau að ekki er hægt að staðfesta ársreikning á aðalfundi öðruvísi en að hann sé að fullu tilbúinn og samþykktur af stjórnendum félagsins. Hér er bent á meginreglu laga nr. 2/1995 um hlutafélög, varðandi boðun aðalfundar, er að til hans skal boða minnst tveimur vikum fyrir aðalfund og skal þá ársreikningur og í móðurfélagi einnig samstæðureikningur liggja fyrir, samanber ákvæði 4. mgr. 88 gr. laganna. Sambærilegt ákvæði er í 4. mgr. 63. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög en þar er kveðið á um ársreikningur skuli liggja fyrir minnst viku fyrir aðalfund. Einnig skal bent á að samkvæmt 109. gr. skal skila ársreikningi með rafrænum hætti í gegnum skilakerfi Skattsins en ekki er heimilt að skila ársreikningi á pappír. Ekki eru því nein rök fyrir því að stjórnendur hafi allt að mánaðarfrest til að skila ársreikningi í stað þess að skila reikningum um leið og hann hefur verið staðfestur á aðalfundi. Ársreikningaskrá skal við framkvæmd stjórnvaldssekta samkvæmt ákvæði 1. mgr. 120. gr.

laganna líta til þess að stjórnendur hafi eðlilegt svigrúm til að skila ársreikningi án þess að til álagningar stjórnvaldssektar komi, til dæmis með því að miða við að stjórnendum þurfi að skila ársreikningnum innan viku eftir þann dag sem aðalfundur var haldinn. Þetta á þó ekki við sé aðalfundur haldinn á loka degi þeirra fresta sem kveðið er á um í 1. mgr. 109. gr. laganna.

Um 7. gr.

Samkvæmt 21. málsgrein aðfaraorða tilskipunar (ESB) 2021/2101 ber að kveða á um viðurlög og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim viðurlögum sé framfylgt að því er varðar skylduna til þess að skila og birta skýrslu með tekjuskattsupplýsingum. Sjá einnig 51. gr. tilskipunar (ESB) 2013/34 þar sem fram kemur að skylt sé að setja viðurlög gagnvart brotum gegn ákvæðum sem innleidd eru á grundvelli tilskipunarinnar. Samkvæmt ákvæðinu skulu viðurlögin vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif.

Í frumvarpinu er lagt til að settur verði nýr 20. tölul. við 1. mgr. 122. gr. laganna í samræmi við þau ákvæði sem komu inn með lögum nr. 73/2016 sem innleiddu ársreikningatilskipun (ESB) 2013/34.

Um 8. gr.

Umreikningur evra í íslenskar krónur miðast við viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands 13. júní 2025 eða 143,96 kr. og heimilt er innan 5% frávika að námunda útreikning í íslenskar krónur við heilar krónutölufjárhæðir. Dagsetningin miðast af útgáfu ákvörðunar Sameiginlegu EES-nefndarinnar.